



**Slippfélagið**  
Málningarverksmiðja

# Viðar grunnmálning

## LÝSING

Viðar grunnmálning er alkýð/línolíu grunnmálning, ætluð til notkunar utanhúss, á við sem á að yfirmála með plast- eða alkýð/olíumálningum. Málningin smýgur vel inn í viðinn, bindur hann vel og tryggir góða viðloðun. Málningin er mjög vatnsfráhrindandi en jafnframt opin gagnvart vatnsgufu. Þannig hleypir hún raka úr viðnum og kemur í veg fyrir uppsöfnun raka. Viðar grunnmálning kemur í veg fyrir blæðingu viðarkvoðu, gróður- og sveppamyndun.

## NOTKUN

Viðar grunnmálning er ætluð til grunnunar á gluggum, viðarklæðningum þakköntum o.þ.h. utanhúss. Áður en kittað er í gluggaföls skal grunna með Viðari grunnmálningu.

### Tæknilegar upplýsingar

Litir	Hvítt, Rautt og Gult
Gljástig	Matt
Pakkningar	1 og 4 lítrar
Efnisnotkun	6-10 m <sup>2</sup> /l
Eðlisþyngd	1,35 kg / l
Þurrefni	50% (rúmmál)
Þynnir	Terpentína
Áhaldahreinsir	Terpentína
Þurrktími	12 klst
Yfirmálun	Lágmark: 24 klst Hámark: Ekkert

### UNDIRMÁLUN

Þar sem vatn mæðir mikið á er nauðsynlegt að metta viðinn með Viðari alvörn.

### YFIRMÁLUN

Hjörvi 30, Viðar hálfþekjandi eða Viðar þekjandi.

### ÁHÖLD

Mjúkur pensill. Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

### VINNUTILHÖGUN

#### Nýmálun

Verksmiðjugrunnaður og nýr viður, litaður eða grunnfúavarinn viður: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Viðar Grámahreinsi. Þar sem vatn mæðir mikið á



viðarflötum, s.s. á endatré og samskeytum, er nauðsynlegt að metta viðinn vel með Viðar alvörn og grunna síðan með Viðari grunnmálningu.

### Endurmálun

Fjarlægið öll óhreinindi, s.s. sót og fitu, með Málningarhreinsi og volgu vatni. Skrapið og fjarlægið laust og sprungið yfirborð. Mattslípið gljáandi fleti með sandpappír. Gróður og myglu skal þrifa burt með Viðar Grámahreinsi. Bletta skal með Viðari grunnmálningu. Á viðarfleti þar sem vatnsálag er mikið, s.s. á endatré og samskeytum, er nauðsynlegt að metta beran viðinn vel með Viðari alvörn og grunna síðan með Viðari grunnmálningu.

### ATHUGASEMDIR

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viðurinn skal vera vel þurr (18-20 %) áður en grunnað er með Viðari grunnmálningu.
- Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/e 400 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 340 g/l

### VARÚÐARMERKINGAR

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

**Geymist þar sem börn ná ekki til.**